



- Ný útgáfa ÍST 30 -

Almennir útboðs- og samningsskilmálar um verkframkvæmdir

Einhlítur skilningur á samningum sem gerðir eru á milli verkkaupa og verktaka er nauðsynlegur. Staðallinn ÍST 30 *Almennir útboðs- og samningsskilmálar um verkframkvæmdir* hefur á liðnum áratugum verið notaður til þess að tryggja þennan sameiginlega skilning samningsaðila. Þekking á ákvæðum staðalsins er því nauðsynleg fyrir alla sem standa að verklegum framkvæmdum. ÍST 30 hefur nú verið endurskoðaður af vinnuhópi á vegum Byggingarstaðlaráðs með það fyrir augum að auka enn frekar notagildi hans fyrir hagsmunaaðila, jafnt verkkaupa sem verktaka.

Helstu breytingar

Ný útgáfa ÍST 30, sem jafnframt er 5. útgáfa staðalsins, tók gildi 1. september. Breytingar frá 4. útgáfu miða ekki síst að því að sérskilmálar, sem hafa verið í gildi hjá Flugmálastjórn, Siglingastofnun og Vegagerðinni, verði óþarfir. Þannig eru gerðar breytingar á mörgum greinum til samræmingar og samkvæmt ábendingum þessara aðila. Ákveðin hætta var á mistökum vegna mismunandi ákvæða og þá sérstaklega hjá verktökum sem unnu samtímis verk eftir mismunandi skilmálum. Þá hafa ýmsar ábendingar komið fram á undanförunum árum um atriði í staðlinum sem þörfuðust



Dr. Hafsteinn Pálsson, framkvæmdastjóri Byggingarstaðlaráðs.

lagfæringar. Við þeim hefur verið brugðist í nýju útgáfunni. Helstu breytingarnar eru:

- Skýrari ákvæði um tímamörk varðandi óskir um frekari upplýsingar frá verkkaupa og varðandi upplýsingagjöf frá verkkaupa í kafla 4 *Útboð og tilboð*.
- Nánari ákvæði varðandi skil á tilboði í kafla 6 *Efni tilboðs*.
- Nýjar tilvísanir í lög og reglugerðir í kafla 18 *Um gengni og samvinna á vinnustað o.fl.*
- Ákvæði í kafla 31 *Greiðslur og reikningsskil varðandi vaxtaútreikning á geymslufé* eru lagfærð.

Að auki eru fjölmargar breytingar og lagfæringar sem ekki eru tíundaðar hér.



Ný og endurbætt útgáfa

ÍST 30:2003
Almennir útboðs- og samningsskilmálar um verkframkvæmdir

Pantaðu á
www.stadlar.is

Lagnastaðlar - bls. 5

Sólvarnarföt - bls. 6

Hljóðvist - bls. 3

- Rafræn viðskipti -

Tilraunasamfélög og staðlar

Að frumkvæði Íslendinga hefur Hugmynd um tilraunasamfélög fyrir rafræn viðskipti í Evrópu fengið brautargengi innan staðlasamtaka Evrópu og Evrópusambandsins. Hugmyndin, sem hefur verið útfærð í samstarfi við íslenska hagsmunaaðila, fellur vel að stefnu ESB um örvun rafrænna viðskipta með þátttöku lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Þá hefur ríkisstjórn Íslands lýst stuðningi við tilraunasamfélagsverkefnið.

Tilraunasamfélagið

Verkefnið felur í sér að fimm til tíu lönd gerist tilraunasamfélög fyrir rafræn viðskipti í Evrópu. Þau yrðu vettvangur til að þróa hugmyndir og prófa lausnir og staðla í rafrænum viðskiptum. Lykilþátttakendur eru stjórnvöld, staðlasamtök, fyrirtæki og stofnanir, mennta- og rannsóknastofnanir, hagsmunasamtök og Evrópusambandið.

Verkefnið á rætur að rekja til vinnu sem unnin var að beiðni ESB á vegum evrópsku staðlasamtakanna CEN, í vinnuhópi sem hefur með rafræn viðskipti lítilla og meðalstórra fyrirtækja að gera. Vinnuhópurinn, eða eBiz-hópurinn svokallaði, lauk vinnu sinni fyrr á þessu ári með útgáfu skýrslunnar CEN/ISSS report and recommendations on key eBusiness stand-



Rúnar Már Sverrisson, formaður Fagráðs í upplýsingatækni, FUT.

ards issues 2003-2005 og svonefndu "Roadmap" sem er úrdráttur úr helstu niðurstöðum skýrslunnar.

Markmið Evrópusambandsins með þessari beiðni var að fá fram sjónarmið staðlasamtakanna á því hvaða meginvandamál væri við að glíma við innleiðingu

rafrænna viðskipta, einkum með tilliti til sjónarmiða og þarfa lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Hugmyndinni að tilraunasamfélögum er ítarlega lýst í skýrslunni og lagt til að Evrópusambandið styðji verkefni af því tagi.

Skýrslunni fylgt eftir

Þann 15. október var stigið mikilvægt skref þegar lagður var grunnur að stofnun vinnunefndar undir nafninu CEN/ISSS eBusiness Strategy Forum. Viðfangsefni þessarar nefndar verður að fylgja eftir tilmælum skýrslunnar og vera Evrópusambandinu og hagsmunaaðilum til ráðuneytis um framkvæmd þeirra verkefna sem ákveðið verður að hrinda af stað og styðja. Hugmyndin um tilraunasamfélögin mun verða kynnt sem eitt af slíkum verkefnum, en hún er þegar í undirbúningi og nýtur umtalsverðs stuðnings.

Staðlaráð er einn af fulltrúum hagsmunaaðila í íslenskum stýrihópi verkefnisins. Þeir sem vilja kynna sér tilraunasamfélagsverkefnið frekar geta fengið um það upplýsingar hjá fagráði Staðlaráðs í upplýsingatækni, FUT.



Handbókin frá ISO í íslenskri þýðingu ISO 9001 fyrir lítil fyrirtæki - Leiðsögn

Með bókinni fá fyrirtæki notið leiðsagnar þeirra sem áttu stærstan þátt í gerð ISO 9000 gæðastjórnunarstaðlanna og gerst þekkja hvernig taka á upp gæðastjórnunarkerfi byggt á ISO 9001:2000.

Pantaðu á www.stadlar.is

- Tíðindi fyrir hönnuði mannvirkja -

Hljóðvist og jarðskjálftar

Tvö ný skjöl frá Byggingarstaðlaráði munu fá hönnuði mannvirkja til að sperra eyrun. Annað skjalið er íslenskur staðall sem heitir ÍST 45 *Hljóðvist - Flokkun íbúðarhúsnæðis*. Hitt skjalið er þjóðarskjal við evrópska þolhönnunarforstaðalinn FS ENV 1998-1-1 *Eurocode 8: Design provisions for earthquake resistance of structures - Part 1-1: General rules - Seismic actions and general requirements for structures*. Bæði staðallinn og þjóðarskjal-ið tóku gildi 15 júlí í ár.

ÍST 45 Hljóðvist - Flokkun íbúðarhúsnæðis

Hljóðvist bygginga er mikilvæg fyrir þá sem þar búa og starfa eða eiga einhverra hluta vegna leið þar um. Hávaði er yfirleitt hvímléiður, en jafnframt er nauðsynlegt að geta verið í næði fyrir ýmsum hljóðum úr nágrenninu, hvort sem um er að ræða hljóð úr næstu íbúð eða hljóð að utan, til dæmis frá umferð. Fram að þessu hefur hér á landi einungis verið um að ræða lágmarkskröfur Byggingarreglugerðar og Mengunarvarnarreglugerðar. Með nýja staðlinum, ÍST 45 *Hljóðvist - Flokkun íbúðarhúsnæðis*, eru kröfurnar orðnar bæði skýrari og metnaðarfullri.

Markmiðið með hljóðflokknarstaðlinum er í fyrsta lagi að auka lágmarkskröfurnar,



Hljóðflokknarstaðallinn ÍST 45 ýtir undir metnaðarfullri kröfur um hljóðvist.

þannig að færri verði óánægðir með hljóðvistina. Í öðru lagi er vonast til að staðallinn verði verktökum hvatning til að byggja hús með betri hljóðvist en sem samsvarar lágmarkskröfum. Staðallinn gerir þeim mögulegt að flokka þau hús í hærri gæðaflokk á markaði.

Lágmarksflokkurinn er flokkur C, sem miðast við sömu gildi og þau sem eru innan sviga í Byggingarreglugerð. Þannig er gefið til kynna að um væntanlegar lágmarkskröfur stjórnvalda sé að ræða. Auk þess eru í staðlinum skilgreindir tveir nýir flokkar íbúðarhúsnæðis (B og A) með betri og mun betri hljóðvist. Þá er fjórði flokkurinn, flokkur D, skilgreindur, en hann er ætlaður fyrir eldra húsnæði, sem ekki uppfyllir flokk

C en hefur þó þokkalega hljóðvist. – Af sögulegum ástæðum er staðallinn aðeins á ensku, þótt séríslenskur sé. Staðallinn var upphaflega unninn í samstarfi Norðurlandanna en á þeim vettvangi náðist ekki um hann fullt samkomulag. Samsvarandi staðlar hafa þó verið gefnir út í Noregi og Danmörku og svipaðir staðlar í Svíþjóð.

Jarðskjálftaálag

Þjóðarskjalið með þolhönnunarforstaðlinum FS ENV 1998-1-1 *Eurocode 8: Design provisions for earthquake resistance of structures - Part 1-1: General rules - Seismic actions and general requirements for structures* hefur að vonum verið sýndur mikill áhugi. Þar er landinu skipt í sex álagssvæði. Svæðin eru sýnd á kortum, annars vegar fyrir landið í heild og hins vegar fyrir höfuðborgarsvæðið. Skiptingin kemur einnig fram í töflum þannig að kröfurnar sem gerðar eru verði sem gleggstar.

Beinn samanburður við ÍST 13 er erfiður, því uppbygging staðlanna er gerólík. Ákveðið var fyrir um ári síðan að notkun ÍST 13 yrði ekki heimil eftir árslok 2003. Þá verður öll jarðskjálftahönnun að vera samkvæmt FS ENV 1998-1-1 (Eurocode 8) ásamt viðeigandi þjóðarskjali. Það á einnig við þegar hannað er eftir dönsku þolhönnunarstöðlunum með íslensku sérákvæðunum.

- Pantaðu staðla á netinu -

www.stadlar.is

Einfalt, fljótlegt og tryggir best að pantanir komist til skila

- 10 ára afmæli -

Tímamót há Staðlaráði Íslands

Á þessu ári eru liðin 10 ár frá því að Staðlaráð Íslands var stofnað sem sjálfstæð samtök hagsmunaaðila. Að stofni til er það þó eldra, því að Staðlaráð Íslands hið fyrra var stofnað árið 1987 sem ráðgjafarnefnd á vegum stjórnar Iðntæknistofnunar Íslands.

Fyrir 15 árum

Þörfin fyrir stofnun Staðlaráðs kom fyrst og fremst til af því að íslensk stjórnvöld höfðu ákveðið að Ísland skyldi verða hluti af hinum sameiginlega innri markaði í Evrópu, en nauðsynleg forsenda slíks var að sömu staðlar giltu á Íslandi og í öðrum löndum innri markaðarins. Meðal fyrstu verkefna Staðlaráðs hins fyrra var því að undirbúa umsókn um aðild að evrópsku staðlasamtökunum CEN og CENELEC, til að eiga aðgang að evrópska staðlasamstarfinu og geta staðfest samevrópska staðla sem íslenska staðla. Þessu markmiði var náð með innngöngu Staðlaráðs Íslands í CEN og CENELEC árið 1988.

Fyrir 10 árum

Það kom fljótt í ljós að það var bagalegt að lagaleg staða íslenskra staðla skyldi hvergi vera skilgreind, því að í evrópsku laga- og reglugerðumhverfi var beinlínis gert ráð fyrir valfrjálsum stöðlum sem hjálpartæki til að uppfylla kröfur tilskipana og reglna (Nýja aðferðin svokallaða). Því voru í desember 1992 sett lög um staðla, nr. 97/1992. Í þeim var kveðið á um að íslenskur staðall væri staðall sem staðfestur hefði verið af Staðlaráði Íslands, að staðall væri til frjálstra afnota og að Staðlaráð væri „samstarfsráð þeirra sem áhuga hafa á og hagsmuna hafa að gæta af stöðlun“. Á grundvelli laganna var hafist handa við undirbúning stofnunar sjálfstæðra samtaka og það var svo hinn 18. apríl 1993

sem hið nýja Staðlaráð Íslands var stofnað.

Fyrir 5 árum

Staðlaráð starfaði fyrstu árin áfram á Iðntæknistofnun, en í september 1998 flutti Staðlaráð starfsemi sína í húsnæði í Holtagördum og hóf sjálfstæðan rekstur. Það skipti sköpum fyrir það skref að allir starfsmenn staðladeildar Iðntæknistofnunar ákváðu að fylgja Staðlaráði. Því ollu flutningarnir minni röskun á starfseminni en annars hefði orðið, en vissulega var reksturinn erfiður fyrstu árin. Í árslok 2000 flutti Staðlaráð aftur starfsemi sína, í minna, ódýrara en jafnframt hentugra húsnæði á Laugavegi 178, þar sem það er til húsa í dag.

Núna

Fyrir á þessu ári tóku gildi ný lög um staðla og Staðlaráð Íslands, nr. 36/2003, þar sem skýrar er kveðið á um hlutverk Staðlaráðs og fagraða þess en var í lögunum frá 1992. Nauðsynlegt er að breyta starfsregluglunum lítilliga til samræmis við nýju lögin, og er vinna við það hafin.

Þróunin

Fyrir 15 árum, þegar hið eldra Staðlaráð hafði starfað í eitt ár og hafði gengið í CEN og CENELEC, voru gildandi íslenskir staðlar 43 talsins, þar af einn evrópskur (staðfestur 1. des. 1988). Við stofnun Staðlaráðs hins nýrra voru þeir 1776, þar af 1724 Evrópustaðlar. Fyrir 5 árum, þegar Staðlaráð hóf sjálfstæðan rekstur, voru gildandi íslenskir staðlar 7743, þar af 7697 evrópskir. Í dag eru þeir 14432, þar af 14384 evrópskir. Eins og sjá má af þessum tölum hefur þróunin verið gífurlega ör og þrátt fyrir að allra leiða hafi verið leitað til að einfalda vinnuna og taka nýja tækni í notkun (Staðlaráð Íslands var fyrst evrópskra staðlastofnana til að setja



Guðrún Rögnvaldardóttir er framkvæmdastjóri Staðlaráðs Íslands

upp heimasíðu og auglýsa þar staðlafrumvörp til umsagnar) má ljóst vera að það hefur verið mikið verk að sinna þeim grundvallarskyldum að auglýsa evrópsk staðlafrumvörp og staðfesta staðlana síðan sem íslenska staðla. Þetta hefur Staðlaráði þó tekist að gera og stöndum við þar fyllilega jafnfætis stærri og öflugri systurstofnunum okkar í öðrum Evrópulöndum.

Framtíðin

Fyrirsjáanlegt er að nokkuð mun draga úr þessari öru fjölgun evrópskra staðla á næstu árum, en það breytir því ekki að enn er mikið verk fyrir höndum hjá Staðlaráði. Nauðsynlegt er að hvetja íslensk fyrirtæki og opinbera aðila til að taka meiri þátt í staðla-starfinu, þar sem Evrópustaðlar verða sífellt mikilvægari liður í því laga- og reglugerðumhverfi sem við búum við og á að vernda líf, heilsu og öryggi almennings, sem og umhverfið. Staðlaráð er vettvangurinn til að móta þetta umhverfi til framtíðar.

- ÍST 67 og ÍST 68 -

Nýju lagnastaðlarnir

Tveir nýir íslenskir lagnastaðlar tóku gildi 15. október 2003. Staðlarnir eru ÍST 67 *Vatnslagnir* og ÍST 68 *Frárennslis-lagnir*. Eldri útgáfa hvors staðals féll jafnframt úr gildi ásamt staðlinum ÍST 65.

Sérákvæði við danska

Nýju staðlarnir innihalda sérákvæði við dönsku staðlana DS 432:2000 *Norm for afløbsinstallationer* og DS 439:2000 *Norm for vandinstallationer*. Sérákvæðin fela meðal annars í sér ákvæði um efnisval vegna hættu á tæringu lagna (DS 439) og ákvæði vegna annars úrkomumagns hér en í Danmörku (DS 432). ÍST 67:2003 *Vatnslagnir* vísar til DS 439 og ÍST 68:2003 *Frárennslislagningar* vísar til DS 432.

Í takt við evrópska

Dönsku staðlarnir vísa til viðeigandi evrópskra staðla og mynda því umgjörð um evrópsku staðlana sem gefnir hafa verið út. Kosturinn við þessa tilhögun er meðal annars sá að Danir endurskoða reglulega sína staðla og þar með tilvísanir í evrópsku staðlana. Hætt er við, ef um alíslenska staðla yrði að ræða, að ekki tækist uppfæra þá nógu oft og tryggja þannig að þeir væru að fullu í takt við evrópska staðla á þessu sviði.

Nefndin sem vann að gerð nýju lagnastaðlanna var skipuð Guðmundi Halldórssyni á VST, Ragnheiði Ingu Þórarinsdóttur á Rb og Sveini Áka Sverrissyni á VSB.



Nýju lagnastaðlarnir innihalda sérákvæði við dönsku staðlana DS 432:2000 og DS 439:2000.

- Nýtt efni -

Þetta er allt að koma

Útgáfa eftirfarandi efnis er að líta dagsins ljós eða er í deiglu:

• ÍST 68 *Frárennslislagningar* og ÍST 67 *Vatnslagnir*

Staðlarnir tóku gildi 15. október. Jafnframt féllu úr gildi eldri útgáfur sömu staðla ásamt ÍST 65.

• Hönnun rafkerfa

Handbók frá Rafstaðlaráði, RST. Ætluð hönnuðum rafkerfa, þeim sem þurfa að vinna eftir rafteikningum og kennurum og nemendum í rafmagnsgreinum.

• Sjálfvirk innbrotaviðvörðunarkerfi

Handbók frá Rafstaðlaráði, RST. Leiðbeiningar um hvernig sjálfvirk innbrotaviðvörðunarkerfi eru sett upp.

• ÍST 125 *Lyklaborð*

Undirbúningur hafinn að endurskoðun staðalsins frá grunni.

• ÍST 30 *Almennir útboðs- og samnings-skilmálar um verkframkvæmdir*

Ný útgáfa tók gildi 1. september síðastliðinn. Jafnframt var eldri útgáfa staðalsins felld úr gildi.

• ÍST BS 7799-2 *Stjórnun upplýsingaöryggis – 2. hluti: Forskrift fyrir stjórnkerfi upplýsingaöryggis*

Ný útgáfa staðalsins mun taka gildi þann 1. nóvember næstkomandi. Jafnframt mun eldri útgáfa staðalsins verða felld úr gildi.

• ÍST 130 *Íslenskar kröfur í upplýsingatækni*

Ný útgáfa á að taka gildi í desember.

• ISO15489-1:2001 *Information and documentation – Records management*

Unnið er að þýðingu staðalsins.

• ISO/TR 15489-2 *Information and documentation – Records management*

Unnið er að þýðingu tækniskýrslunnar.

• ÍST EN 206-1 *Concrete – Part 1: Specification, performance, production and conformity*

Unnið að íslenski þýðingu.

• FS ENV 13670-1 *Steinsteypa – Eiginleikar, framleiðsla, niðurlögn og samræmi við kröfur*

Unnið að íslenski þýðingu.



- Enn ein blessunin úr staðlaheiminum -

Klæðilegt í sól

Það er kunnara en frá þurfi að greina að húð okkar þolir illa langvarandi sólarljós. Þótt blessuð sólin elski allt getur sólarljósið valdið skemmdum á húðinni, bæði til skemmri og lengri tíma lítið. Það sem mestri hættu veldur er hið svokallaða útfjólubláa ljós. Góðu fréttirnar eru hins vegar þær að það má klæða þennan fjanda af sér.



Sólvarnarkerkið má festa á flíkur sem hafa sólvarnarstuðulinn 40 og uppfylla ýmis skilyrði um hönnun.

Sólvarnarfatnaður

Allir ættu að snúa baki við óhóflegum sólbekkjalegum og sólböðum en vera þó áfram sólarmegin í tilverunni. Sá möguleiki er fyrir hendi því hægt er að klæðst fötum sem verja líkamann gegn útfjólubláum geislum. Til að tryggja að fatnaðurinn standist sólarljósið og uppfylli nauðsynlegar kröfur, hafa evrópsku staðlasamtökin CEN kallað saman framleiðendur, neytendur og aðra sem hagsmuna eiga að gæta, og búið til staðal. Staðallinn er í tveimur hlutum og heitir ÍST EN 13758 *Textiles – Solar UV protective properties*. Fyrri hlutinn tilgreinir aðferðir við prófanir á efninu og síðari hluti staðalsins fjallar um flokkun og merkingar á sólvarnarfatnaði.

Sólvarnarkerkið

Sólvarnarkerkið má festa á flíkur sem eru í samræmi við svonefndan sólvarnarstuðul (UPF, Ultraviolet Protection Factor). Fatnaðurinn þarf að hafa sólvarnarstuðulinn 40, að minnsta kosti, og uppfylla ýmis skilyrði um



Blessuð sólin er varasöm.

hönnun. Einnig þarf að fylgja sólvarnarflíkum aðvörun varðandi dvínandi sólvarnareiginleika þegar þær slitna, þegar teyg er á efni þeirra eða þegar þær blotna.



Staðlar léttu þér lífið...

... þegar þú skylmast

Staðallinn ÍST EN 13567 *Hlífðarfatnaður – hlífur fyrir hendur, handleggi, brjóst, kvið, fótleggi, kynfæri og andlit skyldingamanna – Kröfur og prófunaraðferðir*, er einn fjölmargra íslenskra staðla sem fjalla um hlífðarfatnað.

Fjölmíðlum er frjálst að nota efni úr Staðlamálum í heild sinni eða hluta, en eru vinsamlega beðnir að geta heimilda í slíkum tilvikum.

Þeim sem vilja koma efni í blaðið er bent á að hafa samband við Hjört Hjartarson.